

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 68/2016

2017/EES/73/03

frá 29. apríl 2016

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1554 frá 11. september 2015 um reglur um beitingu tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar kröfur varðandi eftirlit og greiningaraðferðir <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1554 fellir úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB <sup>(2)</sup>, 2002/878/EB <sup>(3)</sup> og 2003/466/EB <sup>(4)</sup> sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 8a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„8b. **32015 D 1554**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1554 frá 11. september 2015 um reglur um beitingu tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar kröfur varðandi eftirlit og greiningaraðferðir (Stjútíð. ESB L 247, 23.9.2015, bls. 1).“

2. Texti 29. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) í hluta 3.2 og 63. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB), 68. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/878/EB) og 73. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) í hluta 4.2 fellur brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/1554, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 247, 23.9.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 67, 9.3.2001 bls. 65.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB L 305, 7.11.2002, bls. 57.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 156, 25.6.2003, bls. 61.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.